

# Almennar upplýsingar um þing Norðurlandaráðs ungliða 2024

## Hvað er Norðurlandaráð ungliða?

Norðurlandaráð ungliða (UNR) er vettvangur stjórnálagssamtaka ungs fólks á Norðurlöndum. Á þingi Norðurlandaráðs ungliða fundar ungt fólk sem er virkt í stjórnálagum á Norðurlöndum til að ræða mál sem eru ofarlega á baugi í norrænu samstarfi.

## Hver taka þátt?

Á þingi Norðurlandaráðs ungliða sitja fulltrúar ungliðasamtaka stjórnálagflokka sem eiga sæti á þjóðþingum landanna og ýmissa pólitískra regnhlífasamtaka á Norðurlöndum. Landssambönd ungmennafélaga en einnig Samband ungmennadeilda Norrænu félaganna, Ungmennasamtök Kvena, Norrænu æskulýðssamtökin og ungmennasamband Finna í Svíþjóð hafa áheyrnaraðild á þinginu. Þingið fær iðulega gesti frá öðrum samtökum ungs fólks og gestafyrirlesara úr norrænu samstarfi.

## Dagskrá og þema þingsins

Þema þingsins í ár er „Norðurlönd á óvissutímum“. Þingið verður sett föstudaginn 25. október kl. 9. Stefnt er að því að afgreiða formlega dagskrárlíði á föstudeginum. Um kvöldið verður samvera sem hverfist um lagalega stöðu Norðurlandaráðs ungliða í framtíðinni. Á laugardeginum verða afgreiddar ályktunartillögur sem borist hafa, fyrst í vinnuhópum og síðan á þingi. Um kvöldið er hefðbundinn kvöldverður þingsins. Afgreiðsla á þingi heldur áfram á sunnudeginum en sama dag kýs þingið nýjan forseta og forsætisnefnd fyrir almanaksárið 2025. Þingi verður slitið sunnudaginn 27. október, í síðasta lagi kl. 13.00. Ítarlegri dagskrá þingsins og samveru þingfulltrúa verður birt þegar nær dregur.

## Ályktunartillögur

Ályktunartillögum er skilað fyrirfram á rafrænu eyðublaði. Ályktunartillögur þurfa að hafa borist eigi síðar en fjórum vikum áður en þing hefst, það er 27.9.2024. Ályktanir sem berast tímanlega verða þýddar í heild sinni á skandinavísku, finnsku og íslensku. Ályktanir mega vera 1560 stafabil að hámarki, að meðtalinni fyrirsögn, inngangi og tillöguliðum.

Í starfsreglum Norðurlandaráðs ungliða segir um ályktanir sem berast eftir að frestur er útrunninn (5.10. gr.):

„Lokafrestur til að skila ályktunum á skrifstofu Norðurlandaráðs ungliða er fjórum vikum fyrir þing. Þingið getur samþykkt með 2/3 atkvæða að afgreiða tillögur sem borist hafa eftir að

frestur rann út. Tillögur sem borist hafa eru sendar þingfulltrúum eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið.“

Þetta þýðir að ályktanir sem berast tímanlega eru afgreiddar sjálfkrafa á þinginu, í vinnuhópum og á þingfundi, en ályktanir sem berast seint þurfa 2/3 atkvæða til að hljóta afgreiðslu á þinginu. Ekki er hægt að tryggja að ályktanir sem berast seint verði þýddar.

## Starfsreglur

Starfsreglur Norðurlandaráðs ungliða eru sendar aðildarsamtökunum um leið og boðsbréfið. Í starfsreglum stendur eftirfarandi um breytingar á starfsreglum:

„Breytingar á starfsreglum Norðurlandaráðs ungliða er hægt að samþykkja með 2/3 atkvæða á þinginu. Aðildarsamtökin og forsætisnefnd þurfa að senda skriflegar breytingartillögur á skrifstofu Norðurlandaráðs ungliða fjórum vikum fyrir þing. Tillögur sem borist hafa eru sendar aðildarsamtökunum í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þing. Samþykktar breytingar á starfsreglum taka gildi strax að þingi loknu.“

## Skráning og þátttökugjald – sjá uppfært þátttökugjald

Skráning á þingið í ár hefst 1.7.2024 og fer fram rafrænt gegnum krækju sem verður send til aðildarsamtakanna.

Þátttökugjaldið er 300 evrur á einstakling ef skráning fer fram eigi síðar en 31.7.2024. Þátttökugjaldið hækkar í 350 evrur ef skráð er á tímabilinu 1.8-12.8.2024. Þátttökugjaldið er 350 evrur fram til 15.9.2024 en þátttakendur verða þá sjálfir að útvega sér gistingu.

Reikningur fyrir þátttökugjaldi er sendur til samtakanna og skrifstofan kannar fyrir þing hvort greiðsla hafi borist. Í þátttökugjaldinu er einnig innifalin gisting meðan þing Norðurlandaráðs stendur yfir 28.10.-31.10.2024 ef þingfulltrúinn tekur einnig þátt í því. Fráfarandi og nýkjörin forsætisnefnd eru hvattar til að taka þátt í þingi Norðurlandaráðs.

## Viðbótarfulltrúar – sjá uppfært þátttökugjald!

Óski samtök eftir því að senda fleiri en einn fulltrúa á þingið er kostnaðurinn sem hér segir:

**Fyrsti viðbótarfulltrúi:** Í þátttökugjaldi fyrsta viðbótarfulltrúa er innifalið fæði og gisting. Ferðir viðbótarfulltrúa eru hins vegar ekki greiddar.

**Aðrir viðbótarfulltrúar:** Hafið samband við skrifstofu Norðurlandaráðs ungliða ef þið viljið senda fleiri viðbótarfulltrúa. Aðrir viðbótarfulltrúar greiða sjálfir ferðir og gistingu.

Munið að skráning er bindandi! Aðildarsamtök og þingfulltrúar ábyrgjast að gefa upp réttar upplýsingar um nafn, aldur o.fl. á skráningareyðublaði. Nafn þingfulltrúans verður að vera nákvæmlega eins og í vegabréfi.

Ef fulltrúi samtaka er undir lögaldri er farið fram á vottorð frá forráðamönnum fulltrúans um að þátttaka hans sé á eigin ábyrgð, ábyrgð aðildarsamtakanna eða forráðamanns. Norðurlandaráð

ungliða sér ekki um að bóka, afbóka eða endurbóka ferðir þingfulltrúa eða ferðafélaga þeirra. Ferðir eru endurgreiddar að þingi loknu.

### Hvað er innifalið í þáttökugjaldi?

- Ferðakostnaður eins almenns þingfulltrúa endurgreiðist samkvæmt töflunni.
- Gisting í tveggja manna herbergi (sérherbergi býðst gegn aukagjaldi).
- Máltíðir á Norðurlandaráðsþingi ungliða.
- Gisting og þátttaka á þingi Norðurlandaráðs 28.10-31.10.2024 fyrir takmarkaðan fjölda þátttakenda.

### Hvað er ekki innifalið í þáttökugjaldi?

Máltíðir á þingi Norðurlandaráðs 28.10.-31.10.2024 (fyrir utan morgunverð). Athugið að stundum eru ókeypis máltíðir í boði fyrir alla þátttakendur á þingi Norðurlandaráðs.

### Almennir ferðaskilmálar

Takið vinsamlegast eftir að þingfulltrúar og aðildarsamtökin ábyrgjast að kynna sér ferðaskilmálana vandlega áður en ferðir eru bókaðar. Þingfulltrúi ábyrgist að bóka og greiða fyrir ferðir á þingið og heim aftur. Norðurlandaráð ungliða endurgreiðir ferðakostnað þingfulltrúa (innanlands og milli landa) samkvæmt hámarksupphæð fyrir hvert land sem er að finna í almennum samnings- og ferðaskilmálum (fylgiskjal). Sömu ferðaskilmálar gilda hjá Norðurlandaráði ungliða og Ungmennadeild Norræna félagsins í Finnlandi. Nánari upplýsingar um ferðaskilmála er að finna í samnings- og ferðaskilmálum.

#### Ferðaskilríki

Fulltrúi á þingi Norðurlandaráðs ungliða ábyrgist sjálfur að vera með gild ferðaskilríki.

#### Tryggingar

Norðurlandaráð ungliða er ekki með hóptryggingu fyrir þingfulltrúa. Því er gert ráð fyrir að öll séu með ferðatryggingu sem gildi meðan á ferðinni stendur.

### Forföll og ógreiddar skuldir

Ef þingfulltrúi veikist eða eitthvað óvænt kemur upp sem kemur í veg fyrir þáttöku hans þarf að tilkynna forföll skriflega á skrifstofu Norðurlandaráðs ungliða. Þáttökugjald er endurgreitt að því tilskildu að þingfulltrúi geti framvísað læknisvottorði eða vottorði frá aðildarsamtökunum um breytingar á högum hans. Ferðatrygging getur greitt kostnað vegna ferðar sem er aflýst, kynnið ykkur því vandlega tryggingareglurnar.

Tilkynning um forföll þarf að berast skrifstofu Norðurlandaráðs ungliða á opnunartíma hennar sem er kl. 9.00–16.00 (finnskum staðartíma) á virkum dögum eigi síðar en **viku fyrir** brottför. Endurgreiðsla þáttökugjalds fer eftir því hve miklar ráðstafanir hafa verið gerðar vegna þáttöku þingfulltrúans sem ekki er hægt að afbóka. Til slíkra ráðstafana telst flug, gisting og fæði.

Vanræki aðildarsamtök greiðsluskyldu sína eða láist þeim að tilkynna um forföll fá þau skriflega ábendingu um vanræksluna. Skrifstofa Norðurlandaráðs ungliða getur krafið aðildarsamtök um þátttökugjaldið og útlagðan kostnað skrifstofunnar.

Skrifstofa Norðurlandaráðs ungliða starfar innan vébanda Pohjola-Nordens Ungdomsförbund rf. og fylgir finnskum lögum. Kynnið ykkur vandlega skilmálana sem er að finna í almennum samnings- og ferðaskilmálum.

## Meginreglur um meðferð persónuupplýsinga

Norðurlandaráð ungliða ber ábyrgð á skránni. Umsýsluaðili Norðurlandaráðs ungliða er Pohjola-Nordens Ungdomsförbund rf. (PNU), FO-nummer 0276102-2, Topeliusgatan 20, FIN-00250 Helsinki, Finnlandi. PNU er sá lögaðili sem ber lagalega ábyrgð á meðferð upplýsinga og verklagsreglum Norðurlandaráðs ungliða. Meginreglur þessar eru sóttar í sambærilegt skjal PNU, að undanskildum reglum sem eiga sérstaklega við um starfsemi Norðurlandaráðs ungliða. Meginreglur Norðurlandaráðs ungliða um meðferð persónuupplýsinga er að finna í heild sinni á vefsíðunni (<https://unginorden.org/om-os/dataskydd-gdpr>).

Vegna framkvæmdar þingsins er einungis safnað persónuupplýsingum sem þarf til að undirbúa og halda þingið. Norðurlandaráð ungliða meðhöndlar einnig upplýsingar sem flokkast undir persónuupplýsingar, það er viðkvæmar upplýsingar. Það geta verið heilbrigðisupplýsingar, til dæmis um ofnæmi eða upplýsingar um flokkstengsl. Meðferð PNU og Norðurlandaráðs ungliða á persónuupplýsingum fer fram gegnum stafræn upplýsingakerfi og stafræna þjónustu sem trúnaðarmál og í læstum kerfum.

Hafið endilega samband við skrifstofuna ([unr@unginorden.org](mailto:unr@unginorden.org)) ef þið eruð með spurningar um Norðurlandaráð ungliða eða þingið!

**Velkomin og sjáumst í Reykjavík!**